

AUGLÝSING

um framlengingu banns við innflutningi frá Kína, Taílandi, Suður-Kóreu, Víetnam, Japan, Taívan, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong vegna Avian Influenzu eða fuglaflensu.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá dýrasjúkdómayfirvöldum í viðkomandi löndum um upprætingu á Avian Influenzu í Kína, Taílandi, S-Kóreu, Víetnam, Japan, Taívan, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong, en Avian Influenza er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og aldrei hefur greinst á Íslandi, er framlengt bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá ofangreindum löndum.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast gildi 1. maí og gildir til 23. ágúst 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. apríl 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUR

um breytingu (18) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. reglnanna:

1. Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 47. gr. breytist og verður svohljóðandi: Öllum stúdentum er skylt að láta skrá sig í námskeið fyrir hvert kennslumissemi sbr. 1. mgr. 52. gr., að hámarki þó í 20 einingar.
2. Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 47. gr. breytist og verður svohljóðandi: Framkvæmdastjóra kennslusviðs er heimilt að leyfa einstökum stúdentum skrásetningu á öðrum tímum en að framan greinir, eða skráningu í fleiri einingar á missemi en að framan greinir, ef sérstaklega stendur á.

2. gr.

Töluliður 2.1 í upptalningu lærdómstítla í 1. mgr. 54. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Meistarapróf, Magister artium, Magister scientiarum, Magister paedagogiae, Master of Public Administration, Master of Laws, Master of Social Work, Master of Library and